

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/2110****2021/EES/5/07****frá 16. desember 2020****um breytingu á C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB að því er varðar sjúkdómalausastöðu Breska konungsríkisins, að því er varðar Norður-Írland, með tilliti til tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum***(tilkynnt með númeri C(2020) 9303) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 49. gr. (1. mgr.), 50. gr. (a-liður 2. mgr.), 50. gr. (3. mgr.), 51. gr. (2. mgr.) og 61. gr. (3. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB ⁽²⁾ kemur tilskipun 2006/88/EB til framkvæmda að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu aðildarríkja, svæða og hólfa í öðrum og fjórða dálki töflunnar í C-hluta I. viðauka við þá ákvörðun eru tilgreind þau aðildarríki sem hafa verið lýst sjúkdómalaus í samræmi við 1. mgr. 49. gr. tilskipunar 2006/88/EB og þau svæði og hólfa sem hafa verið lýst sjúkdómalaus í samræmi við 3. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar. Í fyrsta dálki sömu töflu er tilgreint um hvaða sjúkdóm þessi sjúkdómalausastöðu gildir.
- 2) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir tilskipun 2006/88/EB, sem og gerðir framkvæmdastjórnarinnar sem byggjast á henni, um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í útgöngusamningnum. Af þessum sökum ættu vísanir í Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland að koma í stað vísana til Breska konungsríkisins í C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB.
- 3) Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB til samræmis við það.
- 4) Þar eð aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í útgöngusamningnum, lýkur 31. desember 2020 ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað C-hluta I. viðauka við ákvörðun 2009/177/EB kemur texti viðaukans við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 427, 17.12.2020, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2020 frá 30. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtfð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB frá 31. október 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu aðildarríkja, svæða og hólfa (Stjtfð. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15).

2. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„C-HLUTI

Aðildarríki (*), svæði og hólf sem lýst hafa verið sjúkdómalaus

Sjúkdómur	Aðildarríki	ISO-kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalaus svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS-veiki)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið á fastalandinu
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Finnland	FI	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema Ålandssýsla
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Norður-Írland
Iðradrep (IHN)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæði, nema hólf strandlengjunnar í Ii, Kuivaniemi, og eftirfarandi vatnasvið: 14.72 Virmasvesi, 14.73 Nilakka, 4.74 svæði Saarijärvi og 4.41 svæði Pielinen
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Norður-Írland
Skjónakarpaherpesveiki	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Norður-Írland
Blóðþorri (ISA)	Belgía	BE	Allt yfirráðasvæðið
	Búlgaríja	BG	Allt yfirráðasvæðið
	Tékkland	CZ	Allt yfirráðasvæðið
	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Þýskaland	DE	Allt yfirráðasvæðið
	Eistland	EE	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Grikkland	EL	Allt yfirráðasvæðið
	Spánn	ES	Allt yfirráðasvæðið
	Frakkland	FR	Allt yfirráðasvæðið
	Ítalía	IT	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Allt yfirráðasvæðið

(*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

	Lettland	LV	Allt yferráðasvæðið
	Litáen (Lietuva)	LT	Allt yferráðasvæðið
	Lúxemborg	LU	Allt yferráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yferráðasvæðið
	Malta	MT	Allt yferráðasvæðið
	Holland (Niðurland)	NL	Allt yferráðasvæðið
	Austurríki	AT	Allt yferráðasvæðið
	Pólland	PL	Allt yferráðasvæðið
	Portúgal	PT	Allt yferráðasvæðið
	Rúmenía	RO	Allt yferráðasvæðið
	Slóvenía	SI	Allt yferráðasvæðið
	Slóvakía	SK	Allt yferráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yferráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yferráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK/NI	Norður-Írland
Sýking af völdum martelíuveikisýkils (<i>Marteilia refringens</i>)	Írland	IE	Allt yferráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK/NI	Öll strandlengja Norður-Írlands, nema Belfast Lough og Dundrum Bay
Sýking af völdum ostruveikisýkils (<i>Bonamia ostreae</i>)	Írland	IE	Öll strandlengja Írlands, nema: 1 Cork Harbour 2 Galway Bay 3 Ballinakill Harbour 4 Clew Bay 5 Achill Sound 6 Loughmore, Blacksod Bay 7 Lough Foyle 8 Lough Swilly 9 Kilkieran Bay
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Öll strandlengja Norður-Írlands, nema Lough Foyle og Strangford Lough
Hvítblettaveiki“			